

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Arnarholti í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag í landi Arnarholts í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjóri Borgarbyggðar, 16. mars 1998.

Óli Jón Gunnarsson.

Nr. 185

20. mars 1998

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi skógræktarsvæðis í landi Kotvallar í Hvolhreppi.

Sveitarstjórn Hvolhrepps hefur þann 15. janúar 1998 samþykkt breytingu á deiliskipulagi skógræktarsvæðis í landi Kotvallar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Breytingin felst í því að tekin er til deiliskipulagningar spilda úr landi Kotvallar norðvestan Vallarvegur um 42,5 ha. að stærð.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 20. mars 1998.

F. h. sveitarstjórnar Hvolhrepps.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

Nr. 186

19. mars 1998

AUGLÝSING

um deiliskipulag Munaðarness í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag tveggja svæða fyrir sumarbústaði í landi Munaðarness í Borgarbyggð. Um er að ræða áfanga 7, Kýrholtsás og áfanga 4, Selása.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjóri Borgarbyggðar, 19. mars 1998.

Óli Jón Gunnarsson.